

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarks skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971
um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1993:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 217 319 á ári (kr. 18 110 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 304 246 á ári (kr. 25 354 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 315 699 á ári (kr. 26 308 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 441 979 á ári (kr. 36 832 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatryggingar bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 98 376 á ári (kr. 8 198 á mánuði, þ.e. kr. 26 308 - 18 110) hjá einstaklingi og kr. 137 736 á ári (kr. 11 478 á mánuði, þ.e. kr. 36 832 - 25 354) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálsgrein 20. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 67, 18. febrúar 1993,
um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Í stað orðanna „austur frá Stokksnesvita“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi orðin: suður frá Stokksnesvita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.